

STF-2018-13 Ársfundur Kirkjubæjarstofu 2018

Markmið: Markmið með verkefninu er að Ársfundur Kirkjubæjarstofu verði haldinn á haustdögum 2018 og að umfjöllunarefni hans verði tengt byggðamálum og verkefninu Brothættar byggðir/Skaftárhreppur til framtíðar sem lýkur í árslok 2018. Afrakstur við lok verkefnisins er að upp verði dregin skýr mynd af þeim árangri sem verkefnið Skaftárhreppur til framtíðar hefur skilað samfélaginu á starfstíma þess og að framtíðarsýn fyrir það sem taka á við í Skaftárhreppi hafi mótast. Að áform sveitarfélagsins, og annarra aðila að verkefninu, um eftirfylgni með verkefnum, sem unnið hefur verið að, liggi fyrir við lok verkefnisins er mælikvarði á hvort að markmið þess hafi náðst.

Lýsing: Ársfundur Kirkjubæjarstofu 2018 verður að þessu sinni helgaður byggðamálum í framhaldi, og við lok, verkefnisins Brothættar byggðir/Skaftárhreppur til framtíðar. Ekki er á þessu stigi hægt að tímasetja viðburðinn nákvæmlega, en miðað er við okt/nóv 2018. Undirbúningur hefst formlega í ágúst nk. með leit að fyrirlesurum sem unnið hafa á sviði byggðamála og geta miðlað af reynslu sinni. Einnig verður leitað eftir reynslu íbúa af verkefninu og hverju það hefur skilað til samfélagsins. Umfjöllunarefnið tekur augljóslega mið af áherslum íbúafunda og starfsmarkmiða verkefnisins Skaftárhreppur til framtíðar.

Verkefninu var úthlutað kr. 300.000.- árið 2018.

Upplýsingum úr framvindu- og lokaskýrslum verkefnisins verður bætt hér við eftir því sem verkefninu vindur fram.